



GARDHEIMAR

Þú getur ræktað þín eigin Epli, plómur, perur og kirsuber

Skjól og staðsetning (Epli, plómur, perur, kirsuber)

Í upphafi er mjög mikilvægt að huga að skjóli í garðinum. Ávaxtatré eiga ekki möguleika á að mynda aldin ef þau eru í stöðugum barningi við vindinn. Tré, limgerði og skjólveggir skapa umhverfi þar sem aldintré þrífast. Í skjólinu skapast staðbundið veðurfar sem er oft nokkrum gráðum heitara en mælingar Veðurstofunnar segja til um. Þessi viðbótarhiti er mikilvægur þroska og vexti epla-, peru-, plómu og kirsuberjatrjáa. Það er því lykilatriði að velja trénu góðan stað, bæði hjartan og heitan.

Margir bregða á það ráð að hafa aldintrén sín upp við húsvegg móti Suðri. Með því fær tréð gott skjól og hita frá húsinu. Við þessar aðstæður er líklegt að tréð blómgist 5-6 dögum fyrr en tré sem standa utar í garðinum. Hins vegar þarf að hafa í huga, að því fyrr sem trén blómgast, því berskjaldaðri eru þau gegn næturfrostri sem getur aftur skemmt blómgunina. Því er mikilvægt að skýla þeim á vorin ef von er á köldu veðri.

Val á plöntum (Epli, plómur, perur, kirsuber)

Öll aldintré sem seld eru á Íslandi eru á ágræddum stofni. Þetta þýðir að þú ert í raun að kaupa tvær plöntur, tréð sjálft og síðan grunnstofn hennar. Hingað til lands koma tré á grunnstofnum sem þola vel frost og umhleyppinga. Yrkin sem grædd eru á grunnstofnana eru oftast búin að sanna sig á norðlægum slóðum og koma mestmegnis

frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Kanada. Við viljum velja tegundir sem hafa stuttan tíma milli blómgunar og aldinmyndunar.

Þegar farið er að stað að velja sjálft tréð er mikilvægt að velja sér hraustlegt og gott eintak. Við viljum helst kaupa að minnsta kosti tveggja ára gamalt tré þar sem þau gefa okkur von um uppskeru á öðru sumri. Ársögmul tré taka sér oftast lengri tíma og er þá ekki að vænta uppskeru fyrr en eftir 4 til 6 ár. Ráðlegt er að spyrja garðyrkjufræðing um aldur trjána þegar þau eru keypt og biðja um aðstoð við val á réttri plöntu. Gott er að líta eftir trjám með hraustan og heilbrigðan stofn og sem hafa helst fleiri en fimm hliðargreinar. Þeim mun fleiri hliðargreinar því betra.

Gróðursetning (Epli, plómur, perur, kirsuber)

Þegar heim er komið og tréð gróðursett er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvar ágræðslupunktur trésins er. Þetta er nokkuð auðvelt að sjá, en tréð bólgnar aðeins út á þeim punkti neðarlega á stofninum. Þegar trénu er komið í mold er mikilvægt að ágræðslupunkturinn sé ofanjarðar og standi helst 10 til 20 cm uppúr. Það er til að forða trénu sjálfu frá því að komast í snertingu við mold og sem gæti orðið til þess að það fari að skjóta rótum. Með því breytist eðli trésins og við missum stjórn á eiginleikum plöntunnar.

Stögun (Epli, plómur, perur, kirsuber)

Þótt trénu hafi verið valinn skjólgóður staður mót suðri er alltaf gott að staga tréð af, sérstaklega fyrstu árin meðan það ratar sig og stofninn gildnar. Með því að staga tréð er verið að minnka enn frekar áhrif vinda og tryggja að sem mest orka fari í aldinmyndun. Við stögun þarf að hafa hugfast að ágræðslupunkturinn er veikasti staður trésins og oft brotna tré einmitt þar. Þegar tréð er stagað skal forðast að setja álag nálægt þeim punkti. Helst þarf að velja tvo staði á trénu við stögun, hafa annan um « fjarlægðar frá jörðu og hinn um « frá toppi trésins.

Klipping (Epli og plómur)

Við klippingu á aldintrjám er meginatriði að hleypa sem mestri birtu í gegnum tréð. Við viljum að allar greinar (og þá öll aldin) njóti sólarinnar til jafns. Allar okkar aðgerðir miða að því að mynda sem flest blómbrum og þroska hliðargreinarnar svo þær myndi blóm. Gott er að halda einum hraustum sprota efst á trénu sem togar næringuna upp í gegnum allar greinar trésins. Jafnframt viljum við halda trénu fremur grönnu svo það taki síður á sig vind. Helst viljum við ekki að hliðargreinar séu þykkari en sem nemur þriðjungi af þykkt stofnsins. Þær klippum við inn að stofni en aðrar greinar sem við viljum snyrta til eru klipptar við brum sem vísa út frá trénu. Við reynum að skilja um þrjú til fjögur brum eftir á grein sem við viljum halda. Við það ættu að myndast ein til tvær greinar sem og blómsprotar. Þá ber að varast greinar sem



GARDHEIMAR

Blómstur á eplatré

vaxa upp með aðalstofni og geta farið í samkeppni við toppinn. Þær ættum við sömuleiðis að fjarlægja.

Klipping (perur)

Við klippingu á perutrjám gilda svipuð lögmál. Við viljum þó eingöngu halda greinum með meira en 60 gráðu horni. Aðrar greinar farlægjum við, því þær hætta að vaxa og mynda engin blómbrum.

Klipping (kirsuber)

Kirsuberjatré hafa svipaða greinasetningu og perutré. Við viljum klippa um þriðjung af hliðargreinum ár hvert og hafa um 60cm á milli greinahópa.

Frjógvun og aldinmyndun

Almennt eru aldintré ekki sjálffrjógvandi. Því þarf tvö tré til að aldin myndist og við þurfum oft að hjálpa þeim við æxlun. Byflugan sem hjálpar til við frjógvun í heitari löndum er sjaldan komin á kreik hérlandis þegar trén eru í blóma. Við getum borið frjó á milli trjáa með litlum pensli eða eyrnapiðna. Við tökum úr blómi annars trésins og færum yfir í blóm hins trésins. Ef tréð blómstrar óvenju mikið og þú telur það á leið með að mynda fleiri aldin en það getur borið, er best að grisja blómin eða aldinvísa sem fyrst. Við viljum forða trénu frá því að eyða óþarfa orku. Sum tré vita sín takmörk og hvað þau ná að þroska af aldinum og henda af sjálf af sér blómunum. Á sama tíma byrja þau að mynda blómbrum fyrir næsta ár.

Áburðagjöf

Gott er að gefa aldintrjám Blákorn á vorin áður en þau eru að hefja blómgun, en alls ekki seinna en á Jónsmessu. Hæfilegt magn af Blákorni er um 25 til 40 g fyrir hverja plöntu. Mikilvægt er að gæta vel að skammtastærðinni og gefa ekki of mikið Blákorn því þá fer of mikil orka í blaðvöxtinn í stað þess að þroska aldin. Í Blákorninu er þó lítið kalí sem er plöntunni mikilvægt fyrir aldinþroska. Því getur verið gott að gefa einnig Kalísúlfat með Blákorninu.

Almennt eru aldintré ekki sjálffrjógvandi. Því þarf tvö tré til að aldin myndist og við þurfum oft að hjálpa þeim við æxlun.

Blómstur á kirsuberjatré

